

Útgeislar

TÍMARIT UM LIFSAMBOND VIÐ ADORNINGUR • 70 TBL. 14. ÁRG. DESEMBER 1991.

*Samhugur um hið rétta og göfuga er nauðsynlegur
til sambands við góða staði.*

(Helgi Pjeturss)

Ingvar Agnarsson:

Ljómþokan mikla



(Sverðþokan) í Óríonsmerki

(Sjá forsíðumynd)

Ljómþokan mikla í Óríonsmerki, einnig kölluð Sverðþokan, er einhver allra fegursta geimpoka himins. Hún er geysimikil að þvermáli og fjarlægðin um 1500 ljósár. Hún er sýnileg berum augum.

Myndun sólstjarna og sólkerfa. Víða um vetrarbrautina má sjá mikla þokumekki. Talið er að þeir feli í sér möguleika til myndunar nýrra sólstjarna. Í sumum hinna miklu geimskýja, eins og t.d. *Sverðþokunni* í Órion, má sjá fjölmargar daufar sólstjörnur í miðju skýnu, og telja stjörnufræðingar nær víst að hér séu nýjar stjörnur á upphafsferli sínum. Hinir lausu efnismekkir dragast saman í bólstra, sem smábæta við sig, þéttast og hitna, uns kjarnasamruni tekur við og hitinn kemst upp í milljónir stiga í miðhluta stjörnunnar.

Um leið og efnismekki geimsins dragast saman og sólstjarna myndast, skapast og minni bólstrar sem þéttast og verða að reiki-stjörnum er ganga um meginhnöttinn. Heilt sólkerfi hefur þá myndast, og þar með, er tímar líða fram, möguleikar til lífs á einhverri reikistjörnunni, þeirrar er nýtur hæfilegrar birtu sólar og annarra skilyrða, sem nauðsynleg eru til þess að líf geti komið fram og þróast. — Saga lífsins á okkar jörð er ábending um það, sem víðar mun eiga sér stað í alheimi stjarnanna.



Nýjar sólstjörnur í myndun.

Þorsteinn Guðjónsson:

Minninga-heimspeki

*En í huldu djúpi upphems alda
augnablikin letrast gulls með stafi,
þar sem hvelfist þakið stjörnutjalda.
Þaðan logar bjarmi um steininn kalda!*

Einar Benediktsson

Samkvæmt skilningi Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum (1896—1991) er engin mótsogn milli þess, að „maðurinn hafi sál“ og að „maðurinn sé kominn af öpum“ (apabræðrum, prímötum). **Sál** er í heimspeki Þorsteins safn æviminninga manns, byggt ofan á safn ættminninga hans. „Ættin“ er í víðasta skilningi öll ætt lífsins frá upphafi þess á jörðu hér fyrir um 3000—4000 milljón árum. Enginn þróunarfræðingur efast um, að þessi ættarsaga hafi gerst, en það er um skilninginn á því hvað þessi saga felur í sér, hversvegna, hvernig og í hvaða tilgangi — sem baráttan stendur. Eða réttara sagt, það er þarna sem menn hefur vantað skilninginn, þennan, að árangurinn af baráttu og þróun lífsins sé söfnun minninga. Hver ný tegund, kynstofn, ætt og umfram allt hver nýr einstaklingur, er ný útgáfa af þeirri lífs-sögu, minningasafni, sem áður hafði gerst. Og ævin — frá getnaði til grafar — fer til þess að fylla út þetta sögueyðublað — og er þá enn orðin til ný saga í sögusafni lífsins á þessari jörð. Hversu þýðingarmikill hver einstakur verður þegar þannig er litið á! Hversu sjálfstæður og einstæður hann er, og þó jafnframt órjúfanlega tengdur öðrum!

Ævin er minningasöfnun, ekki aðeins varðandi ytri atburði, heldur einnig hina innri þróun, sem fer reyndar fram furðulega hnitið, stig af stigi, bæði hvað tímamörk og

samstillingu ótal þátta snertir, og er þar um að ræða „endursögn eftir minni“ á æviferli ótal einstaklinga á undan þessum eina, sem er að renna sitt skeið. Mörgum hefur orðið þetta ljóst af því að athuga, og hugleiða, fósturskeiðið. Þar er saga lífsins endursögð á furðulega fróðlegan hátt, eins og Ernst Haeckel mun hafa bent fyrstur á, eftir að bresku þróunarfræðingarnir höfðu rutt brautina. En þessi minninga- og söguspeki varðandi lífið verður þó hvergi að heilsteyptri kenningu fyrr en með **Þorsteini á Úlfssstöðum** — og læt ég nú hverjum eftir að hneykslast, sem þörf hefur fyrir þá hugarhræringu. Hjá Þorsteini nær minningafræðin alveg í botn, alveg að innsta kjarna efnisins og að ystu mörkum tímans, þegar „alheimur“ hrundi fyrir svo sem 100 milljörðum ára og varð að byggja allt upp að nýju, uns fram komu vetrarbrautir, sólir og reikistjörnur og á sumum hnöttum lifagnir, sem síðan þróuðust í átt að hinni miklu fyrirmynnd. En sú fyrirmynnd er frumskaparinn, faðir allra vor, verundur sjálfur. (Reyndar hélt Stefán á Hólum í Dýrafirði fram „Guð-hjónunum“, og má kalla vel til fundið, en vegna hins rótgróna vana verður um stund að notast við hitt).

Sál er meðvitund, minningahljómkviða, sem baetir sífellt við sig nýjum tónum, og „**lífið er minningasöfnun**“ er hin sigursæla setning Þorsteins Jónssonar. Eins og vænta mátti hefur þetta komið fram í skáldskap og snilliyrdum, áður en það „varð að heimspeki“: „Ég er það sem ég minnist“, sagði Sigurður Nordal í „Fornum ástum“. Carl Gustav Jung, sem nokkrum árum fyrir hin eiginlegu ævilok sín komst í ástand, sem mun líkjast því sem er á dauðastund, fann það glöggt, að minningarnar voru það eina sem hann raunverulega var, þær voru hann sjálfur. Og völvun mikla og sanna, sú er spána sagði, í gegnum jarðneskan miðil, jarðneskt skáld, hafði visku sína mest af því, sem hún mundi lengst aftur í tímann; mundi sjálft lífsins tré, mjötviðinn mæra, áður en hann var úr mold vaxinn í þeim níu heimum (hnöttum) sem tiltækir voru. Og Grímur Thomsen segir, að þótt allar sólir sortnuðu, mundu endurminningarnar vara: „aldrei deyr, þótt allt um þrotni, endurminningin þess sem var“. Þar er

um sannleik að ræða, langt fram yfir það, sem nokkurntíma hefur grunað þau böлaldar börn, sem áttu kost á því að skapa hina bestu öld, en snenu sér að ævintýrum (og „rökfræði“ það er hinni wittgensteinsku aðferð til að vita helst ekki neitt, sneyða sig allri eiginlegrí þekkingu — iðka tómfræði í sinni ömurlegustu mynd).

„Augnablikin letrast gulls með stafi“, segir skáldið sem vitnað er hér til í upphafi. Ekkert tapast né gleymist, og þarf þó ekki að óttast að hinar leiðu minningar verði til ævinlegrar byrði í framlífi. Því þegar menn hafa sigrast á því sem ól þær af sér, verða þeir frjálsir — og það mun öllum auðnast. Framundan er vísindasigur stórkostlegur, og talað er af þekkingu, vitneskju. Sigur mun vinnast, sannindi munu koma fram.

Norðurljós



Útlit norðurljósa getur verið mjög fjölbreytilegt. Fátt jafnast á við töfradans norðurljósanna um himinhvelfinguna á heiðskírum nótum.

Dr. Þór Jakobsson, veðurfræðingur:

Kynni mín af ritum dr. Helga

Þegar ég var unglingsur og undraðist flest í kringum mig hafði ég óseðjandi áhuga á stjörnufræði. Á stjörnubjörtum síðkvöldum gekk ég upp á Öskjuhlíð þar sem nú er Perlan og glápti á tindrandi stjörnurnar. Með vasaljósi bar ég afstöðu þeirra saman við býsna nákvæmt stjörnukort.

Einn góðan veðurdag þessi árin, hóf ég að lesa Nýal úr bókasafni föður míns, bók sem tengdaðir hans og afi minn, Einar Ólafsson, hafði átt, bókelskur verkamaður og műrari. Þá laukst upp fyrir mér heimur dr. Helga Pjeturss, óravíður alheimur iðandi lífs. Stjörnurnar, sólirnar vítt um geim, urðu nú fyrir hugskotssjónum mínum aflgjafar fjölbreytilegs lífs í billjónum sólkerfa.

Þau fjörutíu ár sem síðan eru liðin hef ég snuðrað að mörgum fræðum. En þau sinn sem mér hefur verið hugsað til stórfenglegra kenninga Helga Pjeturss sem heilluðu mig ungan hefur mér fundist önnur ástundun en iðkun fræða um líklegt líf í alheimi hafa verið fráhvarf og fánýtt villuráf.

En nú á dögum fjalla lærðir stjarnfræðingar og líffræðingar um lífsskilyrði í alheimi og í öðrum herbúðum sannleiksleitar halda dulsálfræðingar áfram sínu grúski. Spurningin er, hvort og hvernig tengsl eru milli þessara ólíku fræða. Í Nýal er tilgáta um tengsl. En hvort sem þau tengsl finnast eða ekki, er fullvissa og boðun dr. Helga Pjeturss um líf í alheimi að sönnu sannfærandi og holl áskorun jarðarbúum um víðsýnt viðhorf til lífsins.

Jerzy Wielunski:

Íslendingur gefur mannkyni von

Hér fer á eftir þýðing á kafla úr bók eftir Jerzy Wielunski sem býr í Lublin í Póllandi. Nefnist kaflinn: Íslendingur gefur mannkyni von. Wielunski er bókmenntafræðingur, sem lagt hefur stund á íslenskar bókmenntir og þýtt eftir ýmsa kunna höfunda. Um langt skeið hefur hann haft mikinn áhuga á kenningum rithöfundarins og vísindamannsins Helga Pjeturss:

„Hinn íslenski höfundur sem vildi gefa öllu mannkyni, öllum deildum þess og heildum, látnum, lifandi og ófæddum, framtíðarvon, var Helgi Pjeturss. Engin alfræðibók eða upplýsingarit um hina svonefndu „skandinavisku“ rithöfunda lætur hans getið. Í viðurkenndum (opinberum) bókmenntum jafnt sem í viðurkenndum vísindum — vissulega hefði Charles Fort tekið undir það — er sumum nöfnum af ásettu ráði „gleymt“, þar sem þau nöfn gætu ónáðað hinar venjubundnu skoðanir og hina venjubundnu rás heimsviðburða.

Helgi Pjeturss reyndi að svara spurningunni: Hvar eru hinir látnu? Til eru tvö svör við þessu. Annað er það, að þeir séu hjá Guði — að því tilskildu að þeir hafi hlýtt boðum hans. Hitt svarið er, að þeir séu hvergi.

Helgi Pjeturss kom með óvænt svar við þessu: „Þeir halda áfram lífi sínu á jarðstjörnum í öðrum sólkerfum einhvers staðar í alheimi.“ Ef alheimur er óendenlegur getur allt mögulegt gerst og við ættum ekki að láta hið óvænta gera okkur bilt við. Samkvæmt skilningi Helga er Homo sapiens — maðurinn — fjarri því að vera lokamark lífsþróunarinnar. Hann á um two kosti að velja: að eyða sjálfum sér eða að þróast lengra og verða að guði.

Fjarlægðir milli sólstjarnanna í alheimi eru gífurlegar. Hinir köldu og dimmu hnettir (jarðstjörnur) sem snúast um þær, verða ekki séðar með sjóntækjum og er erfitt að greina þær, þótt notaðar séu óbeinar aðferðir. Nýlega tókst að færa sönnur á tilvist plánetu í fylgd með sólstjörnu í Bogamannsmerki. Og Dogonaþjóðflokkurinn í Mið-Afríku vissi skil á Siriusarplánetu, löngu áður en stjörnufræðingar uppgötvuðu hana“.

B. G. Þýddi.

Ingvar Agnarsson:

Hið mikla mark

I.

Þegar þjóðin hættir að hugsa og tala um og fást við verðug viðfangsefni, þá er íslenskunni, hinu fullkomnasta tungumáli, hætt.

Til þess að íslenskan glatist ekki, en haldist ómenguð og sterk, verður þjóðin að hafa merkilegt viðfangsefni og umhugsunarefni, sem sé tungunni samboðið.

II.

Til þess að þjóðin og tungan haldi reisn sinni og auki þar heldur við, verða Íslendingar að hefjast handa með sam-takamætti sínum og vinna að því mikla marki, sem þeim var falið í hendur í árdaga.

Allir þyrftu að verða sér meðvitandi um hið mikla mark: Að gerast forgönguþjóð í eflingu lífsambanda við hina lengra komnu íbúa annarra stjarna, þeirra sem máttinn hafa og viljann til að gjörbreyta til batnaðar högum þjóðarinnar og alls mannkyns.

Forusta íslenskrar þjóðar í þessu máli er forsenda bættra lífsskilyrða allra jarðarbúa. Aukning aðsendar líforku er það sem á vantar.

Timinn 05.06. 1991.

Pétur Gíslason, Eyrarbakka:

Skilningur efnafraðinnar

Tilveran


Orðið atómur hefir verið flutt til frá því sem það hjet í fornöldinni. Og er nú haft um annað. Í fornöldinni hjetu minnstu hlutir eins efnis atómur. Atómur þýðir óskiftandi á íslensku. Með þeirri merkingu í íslenska orðinu, að það er ófæra að skifta þeim. Í því er skilningur efnafraðinnar. Það sannast á vatninu, sem á sjer byrjandi tilveru þegar H-in og O-in sameinast og glata tilveru sinni og verða að súrefni og vatnsefni ef minnstu hlutunum er skift. En á sjer framhaldandi tilveru þegar minnstu hlutirnir haldast óskiftir og vatnið verður að ís eða minnstu hlutirnir flytjast óskiftir úr sjónum upp í loftið og verða móða og móðan verður aftur að regni. Minnstu hlutir vatnsins eru tilvera vatnsins. Það er þessvega villa að flytja til orðið atómur, því að hjer á það að vera.

Mannssálin

Jeg finn skilning efnafraðinnar í kristinni trú á framhald lífsins. Sál manns er hann sjálfur. Sálin fer burt úr deyjandi líkama, en áburðarefni moldarinnar verða eftir. Það er vatnið sjálft sem fer uppí loftið en söltin sem verða eftir í sjónum. Minnstu hlutir vatnsins eru sál mannsins, vatnið sjálft. Minnstu hlutir eins efnis eru sál þess. Jeg geri hjer grein fyrir orðinu sál, sem menn óðu í villu um og þorðu ekki að nota. Þeir bjuggu til orð í staðinn fyrir að nota það. Orðið sjálf, sjálfrið, sem merkir það sama og er eins myndað. En það orð hefir ekki samband við önnur orð og spillir málínus. Það er spilliorð. Efnið sem er tilvera mannsins, mannssálin, er í hverju keri líkamans ásamt leðjunni eða löðrinu. Ker líkamans heita sellur. Með einu orði færí jeg smásjárgerð líkamans til skilnings efnafraðinnar og bæti málid. Vatnið er í kerum jarðarinnar ásamt söltunum. Sál mannsins, tilvera mannsins, svoltlar efnisagnir, sem lituðust

vel, og draga nafn af því og heita krómósómar — krómós er litur á grísku — eru í hverju keri líkamans ásamt leðju eða löðri, sem heitir protóplasma. Fyrsta kers-efnisögnin er komin frá foreldrunum, seinni kera-efnisagnir vaxa af þeim fyrri. Þetta efni heitir öðru nafni **kjarnasýra**. Og þriðja nafni heitir það **kjarni**. Minnstir partar kjarnasýrunnar eru þræðir. Framhaldandi tilvera tilveruefnis mannsins er þetta: Þræðir mannssálarinnar skríða útúr líkamanum, spinna langan þráð og gera mynd mannsins uppi yfir líkamanum fyrir sjónum skyggna manna. Framhaldandi tilvera kjarnasýrunnar sannast með þræðinum, sem hún spinnur með mynd mannsins, sem hún gerir, og með viti hans, sem hún hefir flutt í myndina og er horfið úr líkamanum. Þetta horfa skyggnu mennirnir alltsaman á. Það er framhaldandi tilvera mannsins. Í uppvextinum hafði kjarnasýran gert alla mynd mannsins smámsaman. Nú gerir hún alla mynd mannsins á svipstundu. Þetta sannar Helgi Pjeturss. Þetta er orðalag Helga Pjeturss.

Eratosthenes



Myndin sýnir einn af hinum miklu gígum tunglsins. Hann heitir Eratosthenes og er í fjallendi því sem nefnt hefur verið Appennínafjöll. Gígr þessi er 58 km í þvermál og dýptin er 3.570 metrar. I.A.

The Astronomers Manual (1989) bls. 20.


Ingvar Agnarsson:

Stjarnblik

Stjarnblik stafar af því að ljós stjarnanna brýst gegnum loftlög yfir jörðinni, sem ýmist eru kyrrlát eða á meiri hreyfingu, enda er hiti þeirra mjög misjafn. Þetta veldur truflun á braut geislans svo að stundum lendir hann beint á auga athugandans en stundum ekki.

Á sama hátt virðist ljós einhverrar stjörnu skipta litum. Þetta stafar af því að ljósið brotnar eða dreifist örlítið á ferð sinni um loftslögin, á leið þess að auga athugandans.

Ljósþlik og litbrigði einhverrar stjörnu eru minni þegar hún er hátt á lofti, en mun meiri, er hún stendur lágt á lofti, því þá verður ljósgeisli hennar að fara miklu lengri leið gegnum ókyrran lofthjúp jarðarinnar.



(The Practical Astronomer, bls. 152)

Þorsteinn Guðjónsson:

Undir Leiðarstjörnu

„Í bók Vilhjálms Þ. Gíslasonar um Jónas Hallgrímsson er kafli um það áhugamál Jónasar, að gera Íslendinga að stjörnufræðingum, sem m.a. kom fram í þýðingu hans á stjörnufræði Úrsíns. „Aldrei hefur mig langað eins mikið og núna til að gera eitthvað, svona er maðurinn,“ skrifar Jónas þegar hann er að byrja á þessu verki. En mörg af nýyrðum Jónasar náðu festu í málinu.

V.P.G. bryddar á því í þessu sambandi að Forn-Íslendingar hafi, ekki síður en Jónas Hallgrímsson, verið fundvísir á góð nýyrði, og nefnir dæmi úr fornritinu Alfræði íslenzk - frá 12. og 13. öld - eftirfarandi málsgreins:

„Leiðarstjörnu köllum vér þá stjörnu er philosophi kalla polum, og þeir (philosophi, náttúruspekingar) segja að um veltist allur festingar himinn, eigi af því að hún sé óhrærileg,* heldur hefur hún staðfastlega hræring og snýst með himni í hinum sama stað, og þokar hvorki til norðurs né suðurs, austurs né vesturs...“

Þó að það ætti mjög vel við að taka upp þessa tilvitnun, í sambandi við stjarnfræðirit Jónasar, er ekki um það að ræða að „leiðarstjarna“ hafi nokkurn tíma verið nýyrði í íslenzku máli, heldur er það (að líkindum) eldra en Íslandsbyggð, og upprunalegt í bezta skilningi.

Í bókinni Germanische Himmelskunde eftir O. S. Reuter, sem nýlega hefur verið endurprentuð (en var þó ekki á þýsku bókasýningunni), er með fullkomlega gildum rökum sýnt fram á að Leiðarstjarnan er samgermanskur arfur. (Loadstar á ensku, Leitstern á þýsku, dux nautarum í latínuritum.) En hvaða stjarna var það sem þeir nefndu slíkum nöfnum og sigldu eftir um höfin breið? - Ekki var það núverandi pólstjarna, því að á þúsund árum færist himinpóllinn til um óhrærileg = óhreyfanleg.

töluverðan spöl, og er nú hjá öðrum stjörnum en þá. Ekki var þetta heldur pólstjarna Forn-Grikkja, því að á þessum tíma var hún líka of fjarri pólnum. O. S. Reuter leiðir að því gild rök, að pólstjarna Forn-Íslendinga hafi verið sú sem nú er nefnd 32 camelopardalis hevelii (í sumum skrám: Sigma 1694). Er það stjarna af fjórðu stærð (tvístirni) í nefi Gíraffans og var himinpóllinn fast við hana um 800 e.Kr. En um þær mundir eða nokkru fyrri, telur O. S. Reuter að Germanir hafi ákvarðað stöðu himinpólsins. Germanir eru, að því er hann telur, hinir raunverulegu uppihaldsmenn stjörnufræðinnar milli Grikkja og nútíðarmanna, og þannig engin tilviljun að Forn-Íslendingar eru á 10., 11., 12. og 13. öld svona miklu betur að sér í stjörnufræði en aðrar Evrópu-þjóðir.

Reuter skrifar mikið og langt mál um Stjörnu-Odda (ca. 1080-1150) í þessari 800 bls. bók sinni, og má segja að hann geri þarna meira úr Íslendingum en landar hafa sjálfir gert, því engin dæmi veit ég þess, að þeir hafi þorað að greiða nafni Stjörnu-Odda leið inn í almennar vísindasögur. En það hefði þó mótt vera auðvelt, því yfirburðir Stjörnu-Odda eru óumdeilanlegir.

Eina skemmtilegstu staðfestinguna á kenningu sinni um Leiðarstjörnuna finnur Reuter hjá íslenska ábótanum Nikulási á Munkaþverá, í riti hans Leiðarvísan. Nikulás fór í „sólarlandaferð“ til Gyðingalands um 1150, kom að skírnarbrunni Jóhannesar Sakaríassonar, en hélt síðan niður á Jórdanárbakka og „lagðist niður opinn á sléttum velli“ og horfði upp í stjörnurnar. Síðan tók hann til við að mæla og gerði það á þennan hátt:

„Út við Jórdan, ef maður liggur opinn á sléttum velli ok setr kné sitt ok hnefa á ofan, ok reisir þumalfingr af hnefanum upp, þá er leiðarstjarna þar fyrir at sjá, jafnhá en eigi hærra.“ - Nikulás á Munkaþverá.

Reuter prófaði þessa aðferð á ýmsum mönnum, með ýmsu vaxtarlagi, og fékk jafnan með mikilli nákvæmni: 32 gráður, eða rétt tæplega það. En þetta er einmitt breiddarstig staðarins, pólhæðin og hæð Leiðarstjörnunnar á þessum


tíma. Staðfestingin getur ekki betri verið.

Þýding þess að Leiðarstjarnan er enduruppgötvuð kynni að vera meiri en margan grunari. Þarna er brot af samgermönskum arfi, sem mun hafa verið miklu ríkari en vitað hefur verið. Þjóðir vorar eru hinir réttkjörnu leiðtogað mannkynsins, og núverandi ástand þess stafar af því, að þeirrar forstu nýtur ekki við.

Það er vísindasöguleg staðreynd að Forn-Íslendingar bekktu þá pólstjörnu, sem réttust var á þeim tíma, og gekk hún hjá þeim (og skyldum þjóðum) undir nafninu **Leiðarstjarna**.

Mbl. 06. 12. 1983.

Fleirstirni



Tvístirni og fleirstirni: Okkar sól er ein sér á göngu sinni um geiminna eins og margar aðrar sólir. En margt er um tvístirni, þrí-, fjór-, fimm- og sextirni og jafnvel þaðan af fleiri stjörnur, sem fylgjast að og ganga hver um aðra.

I. A.

Flosi Björnsson, Kvískerjum:

Síðustu varnaðarorð Helga Pjeturss í Pónýal

Eins og þeim er kunnugt, sem hafa lesið Nýalsbækur dr. Helga Pjeturss, hélt hann því fram að borið gæti til beggja átta um þróun lífsins hér á jörðu, reyndar svo að kenna mætti við lífstefnu annarsvegar, hins vegar helstefnu. Og jafnframt að mannkynið væri á örlagaríkum tímamótum. Þar á meðal, og ekki síst Íslendingar, þar sem fyrst hefði komið fram skilningur á þessari þróun framvindunnar. En eins og horfði, stefndi til hinnar válegu áttar. Lægi því mikið við að skilningur glæddist á því að styðja að eflingu lífstefnunnar. En til þess hefði ekki unnist nægilegt fylgi, en án góðs fylgis mundi ekki nást fram stefnubreyting, sem annars mundi möguleg.

Og til þess að hún tækist, þyrfti að sönnu hjálp æðri máttarvalda, sem erfitt mundi þó að koma við, nema að nokkurs undirstöðuskilnings á þessum efnum sé farið að gæta hér á jörðu.

Meðan ekki tækist að breyta um stefnu, væru yfirvofandi geigvænlegar hættur, svo að vart yrði komist á betri leið að nýju, ef þær brystu á eða mannkynið fengi ekki varist þeim.

En hér á landi mundi þess helst að vænta, að takast mundi að fá í upphafi stefnubreytingu á leið komið. Og samstellt, öflugt fylgi nokkurs fjölmennis, ásamt góðu hugarfari, áleit hann varða meira í þessum efnum, en fólk gerir sér almennt ljóst. En hætt væri við að mótbyr í máli þessu, er hann taldi sig verða var, mundi reynast örlagaríkur.

Margt er orðið ljósara í þessum efnum, heldur en þegar Nýall kom út fyrst — og hlaut þá reyndar töluverða eftirkort, og góð ummæli allmargra mætra menntamanna er bjóðkunnir voru.

Nú á dögum virðist Helgi Pjeturss flestum gleymdur, að minnsta kosti ef marka má almenna fjölmíðla. Þar með er ekki sagt, að slíkt sé vottur þess að kenningar hans hafi reynst rangar. Öðru nær.

Í síðustu bók Helga, Þónýal, sem kom út árið 1947, kemur það fram að honum þykir þunglega horfa um að leiðsögn hans verði þegin. Enda kvað hann sig misskilinn af mörgum.

Í síðustu grein Þónýals standa fáein orð, sem mættu vera þjóðinni nokkurt umhugsunarefni nú á dögum:

„En til marks um að jeg segi satt, má hafa þetta. Ef svo skyldi reynast, að jeg ætti aðeins skamt eftir ólifað, þá mundi ekki löngu eftir dauða minn hefjast hér manndráp; og nefni jeg þar það sem verst er af öllu, þó annarra illra tíðinda mundi einnig verða að geta“.

Helgi Pjeturss andaðist á öðru ári eftir að þetta var skrif-að. Hver hefur svo orðið raunin? Nákvæmlega eins og Helgi hafði varað við. Á fyrri helmingi aldarinnar voru manndráp hér á landi nánast óþekkt, og hafði svo reyndar lengi verið. En nokkrum árum eftir lát Helga skiptir svo um að manndráp hefjast hér, og svo tíð, að óvist er að þau séu tíðari með öðrum þjóðum miðað við mannfjölda, þeirra sem ekki eiga beinlínis í innanlands styrjöld.

Mun ekki sæmilega ljóst á hvaða leið við erum

Að minnsta kosti nú um stundir. Og þær kynslóðir sem á þessari öld hafa lifað ógnir tveggja heimsstyrjalda og atóm-sprenjunnar, sem keppst var um að finna upp og gera virka, og þá einnig óhjákvæmilega gegn lífríki jarðarinnar; svo ekki sé minnst á fleira ískyggilegt nú á dögum, mættu hafa gefið orðum H. P. meiri gaum er líða tók á öldina en raun varð á: Munum við ekki þegar hafa lifað nægilega skýr og auðsæ helstefnueinkenni, hvernig sem þróunin annars greiðist. En sem sagt, margt er að verða ljósara í þessum efnunum en þá er Nýall kom út í fyrstu. Ætti að minnsta kosti varla að þurfa fleiri og þá vitaskuld ógurlegrí heimsstyrjaldir til að fólk geti farið að átta sig á, að Helgi hefur haft meira

til síns máls heldur en þeir, sem álita boðskap hans markleysu eina.

Og mundi það ekki gilda svipað að sínu leyti, sem hann hélt fram um andstæðu helstefnunnar: lífstefnuna, sem hann gerði ekki síður skil í Nýalsbókum sínum.

Hvort mundi þess að vænta, að enn kynni að takast að breyta til þeirrar áttar.

Spryja mætti, hvernig hefur Helgi Pjeturss í fyrstu öðlast þennan skilning á framvindunni. Þar mun frásögn hans sjálfss drýgst til skýringar. Í frásögn hans sjálfss í Framnýal, „Björgun mannkynsins“, virðast æðri verur hafa reynt að leita sambands við hann, er hann lýsir greinilega, en sambandið ekki tekist á þann hátt, sem virðist hafa verið stefnt að. En Helgi áleit líklegt, að til áhrifa frá þeim muni samt hafa verið að rekja, að honum varð smámsaman greiðara um skilning á þróun lífsins.

Og lesendum Nýalsbókanna er vel kunnugt, hversu Helgi kannaði af mikilli elju ýms rit frá fornöld, einkum grísk, og síðari alda höfunda, sem kynni að geta orðið til samanburðar og nokkurrar skýringar. En augljóst er að Helgi hefur verið athugull, einstaklega víðlesinn, og leynir sér ekki ritsnilld hins hámenntaða höfundar í meginritgerðum hans.

En í ljósi hinna síðustu orða hans í Þónýal, sem vitnað var til hér áður um framtíðina, hvert stefndi, virðist eðlilegast að líta svo á, að hann hafi einnig notið æðri leiðsagnar með nokkrum hætti til æviloka.

En fyrir þá sem vilja halda allt slíkt „ímyndun“ eina, er þá eftir að skýra hvernig sú „ímyndun“ hefur auðsjáanlega að verulegu leyti ræst svo furðulega fram á okkar daga.

RIT Dr. Helga Pjeturss



**Nýall — Ennýall — Framnýall
Viðnýall — Sannýall — Þónýall
Valdar ritgerðir I og II**

**FRÁBÆRAR BÆKUR
SEM ALLIR PURFA AÐ LESA**

Nýalsrit Dr. He
nytsöm eign á m

Er þér kunnugt um — að maður Íslendinga á fyri hinnar viðurkenndu fræðig sóknir á svefni, draumum o um þau efni rit, sem bæði vor og alþýðufólk.

Er þér kunnugt um — að héldu, að hvergi væru reikis okkar og hvergi líf nema hér, fram með vísindalegum rökum lifsins á ótal hnöttum.

Er þér kunnugt um — að hyggjumaður í flokki vísinda þó afdráttarlaust hin “sálra skýringa á eðli þeirra.

Er þér kunnugt um — að áðu kom til sögunnar, hafði dr. hugtökin lífgeislun og lifgeis þessarar geislunar?

Er þér kunnugt um — að skýrir ekki aðeins svefn og skyggni, dásvefn, trúarreynslu myndir manna um framhald.

Er þér kunnugt um — að dr. sinnar — réttum helmingi he ast og fræða um þessi málfræði verða almennings-áhugaefni?

Er þér kunnugt um — að þá landi haldið fram, að ma væru að komast á ystu nöf l ingar og vísindamenn annars um slíkt?

Helga — á nýjum tínum.

að framsækinn raunvísinda-
ri bluta 20. aldar fékkst, auk
greinar sinnar, við rann-
mög eðli lífsins, og skrifaði
voru ætluð vísindamönnum

að meðan íhaldssöm vísindi
eikistjörnur nema við sólina
hér, helt höfundur Nýals því
ókum, að samband væri milli

að doktor Helgi var efnis-
sindamanna, en viðurkenndi
álrænu” fyrirbæri og leitaði

áður en Kirlian-myndtæknin
i dr. Helgi myndað vísinda-
fgeislar og sagt fyrir um eðli

að kenning doktors Helga
og drauma, heldur einnig
ynslu, og hinrar ýmislegu hug-
hald lífsins og æðri veruleika.
dr. Helgi varði 38 árum ævi-
gi hennar — til þess að fræð-
álefni, sem nú eru að nýju að
efni?

Þegar um 1920 var því hér
mannkynið og hnötturinn
höf löngu áður en heimspek-
narsstaðar fóru fyrst að tala

1. Nýall, 400 bls.
2. Ennýall og Framnýall, 484 bls.
3. Viðnýall og Sannýall, 322 bls.
4. Pónýall, 320 bls.

og nýtt ritgerðasafn eftir dr. Helga:

- A. Valdar ritgerðir I, 480 bls.
- B. Valdar ritgerðir II, 360 bls.

Verð þessara sex bóka:	Kr. 26.000
Verð Nýalsritanna (4 bindi):	Kr. 18.000
Verð Valdra ritgerða I—II:	Kr. 10.000

20% afsláttur er veittur gegn staðgreiðslu.

Undirrituð/aður óskar að kaupa:

6 bindi 4 bindi 2 bindi

Nafn _____

Heimilisfang _____

Póstnr./staður _____

Sími _____

og óskar að greiða kaupin á eftifarandi hátt:

VISA EURO ANNAÐ: _____
 PÓSTKR. STAÐGR. RAÐGR.: _____

KORT NÚMER: _____

GILDISTÍMI KORTS: _____

SKÁKPRENT

DUGGUVOGUR 23
PÓSTHÓLF 1179 — 121 REYKJAVÍK

Dr. Helgi Pjeturss:

Aldaskiptamál

(Brot)


En ef hin mikla stefnubreyting tekst, og mannkynið kemst á braut hinna sönnu framfara, þá verður Ísland aldamóttanna samt talsvert öðruvísi en G. H.¹ gerir ráð fyrir. Það verða t.a.m. engar fiskiveiðar stundaðar, og heldur ekki sauðfjárrækt; því að engum manni mun þá koma til hugar, að láta neitt sem er úr dýraríkinu, inn fyrir sínar varir. Menn munu þá hafa fundið aðrar aðferðir og betri en nú, til að hressa sig og næra. Gróðurrækt mun þá verða mikill atvinnuvegur Íslendinga, að ógleymdum iðnaðinum. En aðalundirstaðan undir velmegun þjóðarinnar í þessu farsæla landi, sem Ísland þá er orðið, verður þó risna og fræðsla, í sambandi við hið mesta áhugamál mannkynsins, sem þá verður, sambandið við stjörnurnar. Og engan mun furða, þó að þar sé það mál, sem aldamótamannkynið mun telja merkilegast allra, þegar þess er gætt, að þá munu allir vita hvað mál þýdir. Allir munu þá vita, að nægilegar framfarir í því sambandsmáli verða sama sem sigur á elli og dauða. Mennirnir munu þá komast á leiðina til að verða guðir, þ.e. mannkyn, sem hefir farið svo fram að viti og orku, að það getur tekið í sínar hendur stjórн náttúruaflanna á sínum hnetti. Hjá slíku mannkyni, sem raunar er ekki rétt að nefna svo, heldur goðkyn, verður enginn sem ekki hefir gjörvuleika til að taka þátt í því glæsilega lífi sem lifað er í slíkum stöðum. En á slíku lífi verður munurinn frá mannlífi vorra daga miklu meiri en sá sem nú er á lífi mannkyns vors og lífi apanna. Og verður þó einnig sá mikli munur, að frá apalífi til mannlífs hefir hér á jörðu enganveginn verið um ein-dregna framför að ræða; því að svo er aldrei á jörð helstefnulífs. En afturámóti alltaf þar sem lífstefnan er komin

1) Hér er átt við Gísla Halldórsson, verkfræðing.

til valda. Breytingin frá lífi mannkyns til goðkynjaðs lífs er í alla staði eindregin framför. Apar geta orðið að mönnum á helstefnujörð; en mennirnir að guðum, einungis þar sem helstefnan hefir sigruð verið. Api getur aldrei þjáðst og örvaðt eins og maður. En á guðunum getur þjáning eða örvaðting aldrei náð tökum. Til þess er lífsafl guðsins orðið of mikið, og lífsambandið milli þeirra, sem því nafni má nefna, of traust. Nokkurt veður af þessum líffræðilegu — og með nokkrum nýjum hætti — guðfræðilegu sannindum, höfum vér í því sem segir af megingjörðum Þórs. Lífsamband það, sem táknað er með orðinu megingjarðir, var ekki einungis þannig, að Þór gat sótt afl til guðanna hinna, þegar mjög reyndi á hann, heldur einnig á hinn veginn, að guðirnir hinir gátu kallað á Þór, og orðið afls hans aðnjótandi, þegar þeim þótti mikið við liggja.

Þónýall, 3. útg. bls. 163 og 164.

Geislabaugar



Oft myndast á ljósmyndaþynnum sérkennilegir baugar og strik út frá björtum stjörnum, einkum þegar myndirnar eru teknar með sterkum sjónaukum.

Þorsteinn Guðjónsson:

Hlutverk Íslendinga

Tvennt er það sem virðist mest áríðandi í þeim svifum sem nú eru: að eigi verði stigið óheillasporið inn í fjölpjóðaheildina evrópsku, sem sumir reikningsmenn kváðu vera svo ákafir um; hitt er að hótun sú, sem sögð er hafa komið fram gagnvart númerandi utanríkisráðherra Íslendinga, nái ekki fram að ganga. Því að illvirki er aldrei til bóta, hversu rangar sem skoðanir þess, sem hótað er, kunna að vera. Sé það rétt, að sama morðfélagið og það sem setti af stað heimsstyrjöldina 1914 ("Svarta lúkan"), standi að þessari hótun, þá eru menn nokkurn veginn í sömu sporum nú og þá. Þá var kenningin um samband lífsins hér á jörð við líf í alheimi að koma fram í fyrstu frumdrögum sínum. Hér í Reykjavík var það vissulega að gerast þá — en jafnvel hinir vitrustu menn og veglyndustu létu sér ekki skiljast. Litlu hefur þokað fram um skilninginn síðan. En hefðu menn skilið, þá hefði engin heimsstyrjöld orðið.

Á ysta jaðri hins germanska menningarsvæðis í norðvestri var það, í Reykjavík, sem ráðin fundust og buðust, en á ysta jaðri þess í suðaustri, í Sarajewo, var það, að skotið reið af, sem sköpum skipti. Eitt skot kom af stað heimsstyrjöldinni 1914—18, og ef einhver heldur að þar hafi aðeins verið um tilviljanakennt byssufíkt að ræða, þá skjálast honum. Það er vel, ef Svarta lúkan hefur fengið að heyra orð frá Íslandi, nú við ystu mörk tímans, áður en í fyllsta óefni er komið.

„Valdið mun flytjast til Íslands og mun verða alviðurkennt“, sagði Roy Logan í árslok 1990, og mun það rætast, og mun allt betur fara en áhorfðist, ef menn reynast hæfir til að taka við góðum spádómi.

Það segi ég Svörtu lúkunni, að lyppist hún niður og maðurinn Kadiewics koðni niður. Þetta mun takast, ef Íslendingar hafa þá dáð í sér að vilja halda sjálfstæði sínu, vera það sem þeim er ætlað að vera, í stað þess að leggja niður rófuna og gerast allra manna minnstir.

(Morgunblaðið 4. janúar 1992).

Ingvar Agnarsson:

Framlífslíffræði

Vísindagrein framtíðarinnar

Náttúrufræði og líffræði framtíðarinnar verður ekki einskorðuð við líf jarðar vorrar, heldur mun hún einnig taka til meðferðar frumlíf og framlíf á öðrum hnöttum.

Vér verðum að hefja náttúrufræðina upp yfir ýmislegt rugl sem heldur í dróma öllum sönum framförum í skilningi á hinu raunsanna lífi tilverunnar.

Vitum, að jörð vor er aðeins sem agnar smákorn í stjarnheimi alheimsins og að lífstjarna vor, (jörðin) er aðeins ein meðal milljarða annarra lífstjarna.

Vitum, að framhald jarðlifs vors er á óteljandi jarðstjörnum annarra sólhverfa. Þar eיגum vér fyrir höndum óendanlega þroskamöguleika langt umfram þá, sem hér er kostur á.

Vitum, að frumlífsstjarna vor er aðeins ein af ótal frumlífsjörðum alheimsins, og að frumlífsstjörnur alheimsins taka við innflytjendum frá þeim öllum.

Þetta sem hér er sagt í örfáum orðum eru aðeins nokkur frumdrög hinnar nýju náttúrufræði, sem bíður viðurkennigar og frekari rannsókna en er jafnframt undirstöðuskilningur þess að meira verði vitað um tilveruna alla og lífið sem heild.

Morgunblaðið 6. júní 1991.

LJÓÐ

Halla frá Laugabóli:

Óvitar

Viljirðu ungum leggja lið
lærðu aðferð slíka,
sýn þeim blesað sólskinið
og svörtu skýin líka.

Viljirðu barn þitt síður sjá
sært af bruna skæðum,
fær þess litla fingur þá
fast að eldsins glæðum.

Ungt skal barn á illu fá
óbeitina sterka,
jafnframt því að sanna og sjá
sigur góðra verka.

Davíð Stefánsson:

Í himnanna stjörnuborg

Um heiðar nætur er hugur á ferli
í himnanna stjörnuborg.
Djarfur gengur hver maður að morgni
móts við gleði og sorg.
Vel mega þeir sínum örlögum una,
sem afla til skeiðar og hnífis
og finna, jafnvel forsælumegin,
fegurð hins mikla lifs.

Pórarinn Eldjárn:

Svo fátt eitt sé nefnt

Léku sér goðin, létu í minni poka
ljóssins öfl, og Baldur féll í valinn.
Mig tekur engu að síður sárt til Loka,
að sekur skuli hann aleinn vera talinn.

Sjaldnast er það einn sem öllu veldur
og oftast nær er fátt um skýra drætti
ekkert skýlaust um að ræða, heldur
ótal flókna samverkandi þætti,

sem vissulega voru hér til staðar,
ef vilji er til að greina rætur meinsins:
Ég nefni ögrun Baldurs, hittni Haðar
heimsku Friggjar, æsku mistilteinsins. . .

En öllum virðist svo sem alveg sama,
fyrst sökudólgur fannst í þessu drama.

Svifdraumur

Mig dreymdi (um kl. 7 að morgni), að ég væri til kallaður einhverra erinda, sem mér er þó ekki ljóst hver voru né hver kallaði; helst er þetta líkt og væri í opinberri þjónustu, til annars starfs en ég hafði haft og væri þetta töluvert áríðandi breyting eða verkefni. Ég þurfti að fara um nokkurn veg utan þéttbýlis og er þetta líkast því að verið hafi í leiðarbíl. En í einhverju brattlendi sem ekið var um veltur bíllinn og fer illa. En þegar ég ætla að fara að kynna mér betur, hvernig farið hafi, finn ég mér til undrunar, að ég get svifið í loftinu, og þykir mér það skemmtileg tilfinning og enn finn ég það, að ég get hraðsvifið upp í loftið með því að stýra mér sérstaklega, og ekki skapaði mér þetta neitt öryggisleysi, þó að ég fyndi, að ég varð að vanda „flugið“, til þess að allt tækist vel. Þótti mér ráð að fara ekki mjög hátt, en í hæfilega hæð. Nú kemur að mér sú hugsun að fara víðar yfir, í átt til byggða, og til þeirra manna, sem höfðu lagt fyrir mig að fara þessa ferð, og þótti mér sem þeir væru í borg ekki alllangt frá. Von bráðar kem ég þar yfir, sem fólk er við útistörf, líklega sveitafólk og að einhverju leyti fjölskylda. Þetta hefur verið svo sem 5—7 manns. Mér kemur í hug að gera vart við mig og sýna fólkini hvað ég geti, tek dýfu í átt að nokkrum þeirra, fer mjög nærri þeim og sé að þau taka vel eftir mér. Mér kemur í hug, að það verði rengt, ef aðeins hluti þessa liðs sjái mig með eigin augum, og tek fleiri dýfur að því, enda þykist ég þá hafa fengið öll þessi sjö eða hvað þau voru mörg til að veita mér athygli. Hugði ég gott til, að allir mundu votta, hvað séð höfðu. — Lengri var draumurinn ekki, nema hvað samfara öllu fluginu var í mér rík tilfinning þess að ég þyrfti að koma boðum til þeirra sem upphaflega höfðu stefnt mér til sín.

*Dreymt 14. janúar 1992.
Þorsteinn Guðjónsson.*

Ingvar Agnarsson:

Útsýn til himins og stjarna frá öðrum hnetti


Ég leggst til svefns og mig tekur að dreyma. Fjarlægur stjarnbúi gerist sýngjafi minn og huggjafi. Og jafnframt því sem ég sé og skynja með hans augum, þykir mér hann tala til míni og reyna að fræða mig með eftirfarandi orðum:

„Jarðbyggi, sambandsvinur minn! Mig langar til að lýsa fyrir þér nætursýn frá mínum heimahnnetti. Ég veit að nú er þig að dreyma og nú gerist ég draumgjafi þinn:

Glóa hér fjöll í skini norðurljósa, mána og stjarna. Fögur eru norðurljósin, þar sem þau dansa svífandi um bláfexta hvelfingu háloftanna og taka á sig hinar margbreytilegustu myndir leiftursnöggt og síbreytilegar frá einu andartaki til annars.

Fagrar eru kringlur mánanna. Þeir eru margir hér. Þeir ganga allir umhverfis jörðina, þá, sem hýsir mig og mitt mannkyn. Þeir eru margir og renna umhverfis hana, allir í sama brautarfleti. Sumir eru fullir en aðrir minnkandi eða vaxandi, sumir bjartir en aðrir daufari í mismunandi litbrigðum. Sumir sýnast stórir en aðrir litlir og fer það bæði eftir mismun fjarlægðar og eftir mismunandi raunstærðum þeirra. Oft hef ég staðið hér úti um nætur og horft á síbreytileika þessara mörgu mána.

Fögur er sýn til stjarna frá hnetti mínum. Mjög eru þær bjartar, margar hverjar og litamismunur þeirra skýr. Mörg sé ég stjörnumerki, sem mynda einskonar myndræna sýningu víða um himin. En bak við þessi björtu merki glóa daufari stjörnur þúsundum saman. Mjög vel skynjum við, samstirningar míni, orkustraumana þá er frá stjörnunum



Útsýn til himins og stjarna frá jarðstjörnum annarra sólhverfa mun víða vera allmjög frábrugðin því, sem við jarðarbúar eigm að venjast, þrátt fyrir alla samlikingu.

stafa, þ.e. frá lengra komnum íbúum þeirra og við mögnumst þeirri orku, sem frá þeim stafar til okkar.

Allir hér vita, að líf er á öðrum stjörnum, og mjög mikil áhersla er lögð á sambönd við hina lengra komnu. Til þeirra sækjum við þrek og þrótt og aukna vitmagnan.

Segðu samjörðungum þínum frá því, sem þú hefur séð með mínum augum, og reyndu að fræða þá um þau lífsambönd við lengra komna stjarnbúa, sem ég hef verið að segja þér frá.


Vertu sæll að sinni.“

Svo endaði draumur. En vill nokkur trúa þeim orðum mínum, að ég hafi í raun séð með augum og numið hugsanir fjarlægs stjarnbúa á þeirri stund sem mig var að dreyma?

(584)

Timinn 28. febrúar 1989

Sólnamor



Horft til miðju vetrarbrautar, en í þá átt er sólnaskarinn þéttastur. Hver einn hvítur blettur á myndinni sýnir sérstaka sól. Spyrra mætti: Hversu margar byggðar reikistjörnur skyldu fylgja öllum þessum sólum? Því getur enginn svarað, en ærið margir munu þær vera.

Stórkostlegur stjörnuhiminn

(Draumur í tveim þáttum)

I.

A. Í fjarlægu landi

Mig dreymdi. Ég þóttist staddur vera í fjarlægu landi, Japan. Ég var eitthvað að bjástra úti við, þar sem lækur rann í gilbotni. Bær einn, heldur lágreistur, stóð þarna nærri. Kona kom út í glugga og benti mér að koma. Mér þótti ég vera undir umsjón hennar, enda væri ég útlendingur. Ég gekk heim að bænum. Konan kom út á hlað. Hún fór að tala í ákafa, en ég skildi ekki orð. Helst skildist mér, að ég ætti að vera betur klæddur, því nú væri hátíðisdagur.

Ég fór til að skipta um föt. Rakst á fólk, sem mér þótti tala íslensku, og varð ég ákaflega feginn. Þetta fólk staðfesti þann grun minn, að nú væri hátíðisdagur.

B. Himinsýnin fagra

Einhver eyða varð hér í draumnum, sennilega draumgjafaskipti.

Næst er ég staddur einhvers staðar úti við, og tveir menn eru hjá mér. Myrkur var yfir öllu. Mér verður litið til himins, og þar blasti við svo óvænt fegurð, að ég kalla til félaga minna með ákafa: „Lítíð upp, sjáið stjörnurnar!“

Heillaður horfði ég til himins, sem var alsettur stjörnum. Flestar voru þær bjartar mjög og skínandi, þéttsettar, en á bak við þær eins og dauft ljóshaf óendenlegs fjölda daufari stjarna. Tvær stjörnur (með álíka millibili og er á milli Denebs og Vegu) skáru sig úr, því birta þeirra var svo mikil, að langt tók fram birtu allra annarra stjarna þessa fagra himins. Þær voru hvítar eða bláhvítar á lit, og það var sem sindur stafaði út frá þeim, eða eldingarblossar, sem þutu langar leiðir um himininn. — Eftir að hafa horft alllengi á þessa tilkomumiklu himinsýn, varð allt óskýrara, og ég vaknaði.

II.

Þessi sýn, er ein sú fegursta sem ég hef augum litið í draumi. Ekki mun hafa verið um að ræða stjörnuhimin þann, sem við blasir héðan frá okkar jörð. Líklegt þykir mér, að draumgjafi minn eigi heima á geimsvæði, þar sem stjörnur standa miklu þéttar, en í þeim hluta okkar vetrarbrautar, sem við höfum fyrir augum. Menn vita nú um mörg svæði, innan okkar vetrarbrautar, þar sem tiltölulega stutt er á milli stjarna, t.d. í kúluþyrrpingunum og í grennd við miðju vetrarbrautarinnar. Hlýtur á slíkum stöðum að vera mikil himinfegurð og gleðja augu þeirra stjörnubúa, sem þar eiga heima.

Væri mikilsvert, okkur jarðarbúum, ef draumsambönd til slikra staða gætu fullkomnast frá því sem nú er. Og vissulega munu tilraunir hinna lengra komnu stjörnubúa, miða í þá átt. — Það sem stendur í vegi fyrir eflingu æðri vit- og lífsambanda, er m.a. sinnuleysi og vitleysi okkar.

*Ingvar Agnarsson
(Dreymt 25. sept. 1981)*

Alstirndur himinn



Á reikistjörnum annarra sólna eru þeir, sem skapa okkur drauma.

SAMBANDSFUNDIR

Fyrir miðilsmunn 09. 02. 1987.

Miðill: Sveinn Haraldsson.
Fram kom: María Curie.

(María Curie):

Kona.

Sæl.

Vísindakona frönsk.

Fundarkona: Curie?

Jæja, það er ánægjulegt, að ég er kunnug hér, íslensku vinir. Ég vona, að frönsk og íslensk menning megi styðja og efla hvor aðra og vísindin hefji sig á hærra stig þjóðirnar og hugsunarháttinn og verða þjóðunum sönn leiðarstjarna og mannkyninu öllu. Það eru sönn vísindi, sem mannkynið þarfust og aukin þekking á eðli og tilgangi lífsins.

Ég er í rannsóknarstarfi hér á minni framlífsjörð og ég veit margt betur en ég gerði á gömlu jörð um vísindi og náttúruna. Það er svo margt sem rannsaka þarf og öðlast fyllri skilning á náttúrunni. Það er það, sem vísindin eiga að stefna að og þjóna lífinu en ekki helstefnunni. Það er misnotkun vísindanna, er þar kemur til greina, misnotkun náttúruaflanna með tilstyrk vísindanna.

En það er furðuleg sú framför, sem átt hefur sér stað í þekkingu og vísindum mörgum á síðustu tímum og það er ekki útilokað, að mannkynið komist nú á hærra stig þekkingar en það hefur verið, þrátt fyrir allt, um eðli lífsins og tilgang, hvorttveggja.

En vissulega má segja, að þegar sé fyrir hendi í þeim eftir stórkostlegur þekkingarauki, þar sem íslenskar uppgötvanir eru vottur um, heimsfræðilegar, líffræðilegar og stjarnfræðilegar. Það má segja, að þar sé um undirstöðu-uppgötvanir að ræða nokkrar, er varpa ljósi á sambandseðli lífsins, orkuflutninga þess hnattanna á milli.

En þessi þekkingarauki er, því miður, fáum kunnur enn, allt of fáum, og þar af leiðandi áhrifa hans minna gætt en skyldi og nú þarf þar að verða á breyting. Það má varla miklu lengur dragast, að menn fari að notfæra sér hinar íslensku uppgötvanir mannkyninu til hinna mestu heilla og farsældar.

Jæja, ég er þakklát fyrir að fá að tala, þó ekki sé hægt að tala nema stutta stund núna. Ég hefi margt fleira að segja ef kostur væri.

Verið sael.

Fyrir miðilsmunn 18. 11. 1991.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Guðlaug Guðlaugsdóttir.

Guðlaug Guðlaugsdóttir.

Komið blessuð.

Kona.

Jæja, hér er ég nú að reyna að ná tökum á talfærum miðilsins og taugakerfi, til að kom hér að fáeinum orðum. En það er ekki alveg vandalaust.

Ingvar Agnarsson: Já, komdu sael og blessuð. Hver ert þú?

Guðlaug: Jæja, þið bæði. Komið blessuð. Mín hugsun er að hjálpa ykkur, efla ykkur.

Ingvar minn, móðir þín, elsku drengurinn minn, blesstaður alltaf.

Ingvar: Já, komdu blessuð.

Guðlaug: Hvernig er heilsan?

Ingvar: Já, hún er svona slarkandi.

Guðlaug: Og hugarástandið?

Ingvar: Já, það er nú ágætt, að ég tel.

Guðlaug: Gott er að heyra það.

Ég hugsa mikið til að láta þig skynja húsið okkar dásamlega, það sem við höfum hér á framlífsjörð okkar til fullra yfírráða, það er ákaflega rúmgott, skemmtilegt ytra sem innra á að horfa, herbergin mörg.

Ingvar: Þið fáið líklega heimsóknir til ykkar?

Guðlaug: Gestir tíðir hjá okkur. Gestakomur tíðar.

Langaði mig að segja þér frá heimsókn, sem ég fékk af frændfólki okkar nýlega, er ekki á heima hérna alveg í nágrenninu. Vissi ég að það var að koma áður en það barði að dyrum eins og oft vill verða hér, er hugurinn næmur og sambönd milli manna sterka á því sviði. Þannig vissi ég það væru margir að koma áður en það bar að garði og bjó mig undir að taka á móti gestunum, er komu. Þeir voru þarna frændur okkar tólf talsins ríðandi á hestum. Stórkostlegt að horfa á þá koma í hlað á gæðingunum og þeir sögðu mér tíðindi ýms og fréttir af sínum högum skemmtilegar. En það verður ekki rakið hér svo neinu nemi. En ég fékk margt að heyra, það sem mjög er skemmtilegt í alla staði og ánægjulegt af þeirra högum og þeirra umhverfi, svo ég gladdist við frásögur þeirra og við bæði, faðir þinn og ég, og fögnum góðum gestum heilshugar og nutum samvista við þá góða stund, þannig að gleymist seit. Vissulega hafa margir frá mörgu að segja, frændur og vinir framliðnir.

Ingvar: Já, hefur þú nokkuð sé Unni frá Stóru-Avík?

Guðlaug: Ákaflega yndisleg sú stund, er fundum okkar bar saman. Blessuð Unnur. Full af lífsorku.

Ingvar: Já, hún hefur verið fljót að átta sig eftir að hún kom.

Guðlaug: Umskiptin til hins betra, sem á högum hennar hafa orðið, mjög þakkarverð. Heilsaði hún mér með bliðuorðum og blessunar eins og búast mátti við af henni.

Ingvar: Ég bið nú hjartanlega að heilsa henni.

Guðlaug: Bera skal ég kveðju þína til hennar.

Guðlaug: Frændur og vinir eru hér fjölmargir. Já, ég hef nú líklega ekki tök á að tala meira.

Ingvar: Ég bið að heilsa öllum og Heiða ekki síður.

Guðlaug: Pakka ykkur og kveð ykkur í ást og kærleika.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku)

Til lesenda Lífgeisla

Hér kemur fyrir sjónir ykkar, kæru lesendur, sjötta og síðasta hefti þessa árs, 1991, og er þetta sjótugasta númer þessa rits, Lífgeisla.

Sem fyrr, hefur verið reynt að halda sér sem mest við þau efni og þau sjónarmið sem þessu riti hafa verið mörkuð frá upphafi ferils þess, sem hófst árið 1975, en undanfari þess, Félagsblað Nýalssinna, hafði áður komið út í sama formi óslitið allt frá árinu 1967 samtals 59 tölublöð, og þar áður raunar einnig í mörg ár, eða allt frá 1953, en reyndar heldur óreglulega og í vélrituðu formi á þeim árum. En fyrsta tímarit Félags Nýalssinna var **Íslensk stefna** og hófst útgáfa þess rits skömmu eftir formlega stofnun félagsins um áramótin 1950/51.

Jafnan hefur verið leitast við að hafa efnisval Lífgeisla sem fjölbreyttast að efni, innan þess ramma, sem ritinu hefur verið markaður. En því hefur ávallt verið ætlað að glæða skilning sem flestra á sambandseðli lífsins, og hefur í því efni verið stuðst við kenningar dr. Helga Pjeturss, sem fram koma í Nýalsritum hans. En aðstandendur Lífgeisla telja þær standast fyllilega gagnvart öllum athugunum sem gerðar eru á eðli lífs og fjarhrifa-eðli lífs.

Svo sem oft áður, vil ég biðja ykkur, kæru lesendur Lífgeisla, að senda ritinu ýmiskonar efni til birtingar, svo sem „dulrænar“ frásagnir af ýmsu tagi, drauma, ljóð, greinar og hugleiðingar um lífið og tilveruna.

Með bestu kveðjum.

Fyrir hönd Lífgeisla og Félags Nýalssinna,
Ingvar Agnarsson

Lífeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hönd Félags Nýalssinna, Álfhölsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritsstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Ljómþokan mikla.	
(Sjá forsiðumynd) I. A.	bls. 182
Minninga-heimspeki. Þorsteinn Guðjónsson	" 183
Kynni mín af ritum dr. Helga.	
Dr. Þór Jakobsson, veðurfræðingur	" 186
Íslendingur gefur mannkyninu von.	
Þorsteinn Guðjónsson	" 187
Hið mikla mark. Ingvar Agnarsson	" 188
Skilningur efnafraðinnar.	
Pétur Gíslason, Eyrarbakka	" 189
Stjarnblik. (Með mynd). Ingvar Agnarsson	" 191
Undir Leiðarstjörnu. Þorsteinn Guðjónsson	" 192
Síðustu varnaðarorð Helga Pjeturss í Pónýal.	
Flosi Björnsson, Kvískerjum	" 195
Aldaskiptamál. (Brot). Dr. Helgi Pjeturss	" 200
Hlutverk Íslendinga. Þorsteinn Guðjónsson	" 202
Framlifsfræði. Ingvar Agnarsson	" 203

AUGLÝSING:

Auglýsing um Nýalsrit dr. Helga Pjeturss	
— Ný útgáfa í sex bindum	" 198

LJÓÐ:

Óvitar. Halla frá Laugabóli	" 204
Í himnanna stjörnuborg. Davíð Stefánsson	" 204
Svo fátt eitt sé nefnt. Þórarinn Eldjárn	" 205

DRAUMAR:

Svifdraumur. Þorsteinn Guðjónsson	" 206
Útsýn til himins og stjarna. (Með mynd). I. A.	" 207
Stórkostlegur stjörnuhiminn. I. A.	" 210

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Miðill: Sveinn Haraldsson	
Ritari: Gunnar Hjörvar	
María Curie	" 212
Guðlaug Guðlaugsdóttir	" 213

MYR:

Norðurljós. (Mynd af norðurljósum)	" 185
Eratosthenes. (Tunglígúr, mynd)	" 190
Fleirstirni. (Mynd af tvöföldu tvístirni)	" 194
Geislabaugar. (Stjörnumynd)	" 201
Sólnamor. (Stjörnumynd)	" 209
Alstirndur himinn. (Stjörnumynd)	" 211

ÝMISLEGT:

Til lesenda Lífeisla. I. A.	" 215
-----------------------------------	-------